

um vigtun bræðslusíldar.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson, Pétur Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í síldarverksmiðjur til bræðslu, verði keypt eftir vigt.

Skal nefndin kynna sér, á hvern hátt sé hentugast að koma þessari skipan á, og láta framkvæma áætlun um kostnað, er leiddi af þessari breytingu, og leggja álit sitt og tillögur fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. október 1965. Ef álit nefndarinnar verður á þann veg, að vigtun bræðslusíldar verði tekin upp, verði að því stefnt, að hin nýja skipan verði komin í framkvæmd fyrir sumarsíldveiðar árið 1966.

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, síldarverksmiðjusamtök Austur- og Norðurlands og Síldarverksmiðjur ríkisins skulu hvert fyrir sig tilnefna einn mann í nefndina, en fimmti maður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar fjölmargar samþykktir í útvegsmannafélögum um allt land, á aðalfundum Landssambands ísl. útvegsmanna og félagssamtökum sjómanna þess efnis, að öll síld, sem seld er til bræðslu í síldarverksmiðjur á Norður- og Austurlandi, verði vegin, en ekki mæld. Það er álit allra þessara aðila, að mæling bræðslusíldar sé ónákvæm og sé hallað á seljendur í þessum viðskiptum.

Á Suðvesturlandi og við Faxaflóa er öll síld seld eftir vigt, og er flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu ekki kunnugt um, að í þeim viðskiptum ríki ágreiningur um landað síldarmagn. Hins vegar er það almenn skoðun útvegsmanna og sjómanna, að mikillar ónákvæmni gæti í sambandi við mælingu síldar í verksmiðjur á Norður- og Austurlandi, og hefur það styrkt álit þessara aðila, að einstakar nýjar verksmiðjur á Austfjörðum, sem byrjuðu starfrækslu sína með því að vigta alla innlagða síld, hafa komið upp mælitækjum, en aka eftir sem áður síldinni á bilum í þrær verksmiðjanna og í sumum tilfellum fram hjá viktum á þessum stöðum.

Drátt fyrir samþykktir og áskoranir félagssamtaka seljenda síldar í mörg ár um, að vigtun bræðslusíldar verði upp tekin, hafa síldarverksmiðjur ekki, svo að vitað sé, látið fara fram athugun á því, hvort tiltækilegt sé hvað kostnað snertir að gera breytingu hér á, að upp verði tekin vigtun síldar, og enginn mismunur er gerður á verði síldar, sem er vegin, og þeirrar, sem er mæld.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur svarað þessum kröfum síldarseljenda, að erfitt og kostnaðarsamt sé að koma fyrir viktum á bryggjum verksmiðjanna, sem eru úr tré, því að hætta sé á, að vigtirnar bili vegna hristings á bryggjunni og vegna súgs, sem oft er við bryggjurnar.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að mikillar ónákvæmni gæti við mælingu síldar, og þar sem síldarverksmiðjurnar hafa ekki fengizt að að gera athuganir á þessu máli í öll þau ár, sem þær óskir og kröfur hafa verið fram bornar af útvegsmönnum og sjómönnum, teljum við það orðið tímabært, að Alþingi láti þetta mál til sín taka og beiti sér fyrir, að það verði kannað til hlítar, og er þessi tillaga því flutt.